

Samruni Vara ehf., Stekks ehf. og Securitas hf.

- Pann 21. maí 2024 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna kaupa Vara eignarhaldsfélags ehf. (hér eftir „Vari“) á hlutum Eddu slhf. í Securitas hf. („hér eftir Securitas“), sbr. d. lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Með tölvupósti þann 5. júní 2024 upplýsti eftirlitið samrunaaðila um að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til þess að rannsaka samrunann að líða þann 22. maí 2024. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna, fyrri ákvarðana og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði.
- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki. Í samrunaskrá segir að þann 17. maí 2024 hafi verið undirritaður kaupsamningur á milli kaupanda (Vari) og Eddu slhf., sem er seljandi á 60.000 hlutum í Securitas, eða 40% af útgefnu hlutfé í félaginu.
- Í samrunaskrá kemur fram að Vari sé nú í 100% eigu Laugulindar ehf. („hér eftir Laugulind“) en að fyrir liggi samkomulag um að í kjölfar fyrrgreindra viðskipta verði Vari í 95% eigu Stekks fjárfestingarfélags ehf. (hér eftir „Stekkur“) og 5% í eigu Laugulindar. Jafnframt kemur fram að Stekkur eigi fyrir samrunann 53,25% í Securitas og fari nú Stekkur og Edda með sameiginleg yferráð yfir félaginu. Eftir samrunann verði Stekkur með full yferráð yfir Securitas. Samkeppniseftirlitið telur því að í þessum kaupum felist samruni í skilningi 17. gr. laganna.
- Aðilar að umræddum samruna eru því Vari, Stekkur og Securitas. Um starfsemi samrunaaðila er helst að segja að þeir starfi á ólíkum mörkuðum. Starfsemi þeirra skarst lítið og þá helst af félögum sem samrunaðilar eiga að öllu leiti eða að hluta. Nánar um starfsemi samrunaaðila:
 - Vari er eignarhaldsfélag sem er 100% í eigu Laugulindar ehf., félags í fullri eigu Guðlaugar Kristinsdóttur. Félagið hafi enga starfsemi með höndum og tilgangur félagsins sé að halda utan um eignahlutinn í Securitas.
 - Stekkur er fasteigna- og fjárfestingafélag 100% í eigu Kristins Aðalsteinssonar. Þeir markaðir sem Stekkur starfar á er markaður fyrir útleigu atvinnuhúsnæðis og markaður fyrir fjárfestingastarfsemi. Félagið á tvær fasteignir á Eskifirði sem eru í útleigu. Jafnframt er Stekkur hluthafi í tveimur félögum, Securitas hf. með eins og áður segir 53,25% hlut fyrir samrunann og Límtré Vírnet ehf. („LV“) með 78,72% hlut. Samkvæmt samrunaskrá er starfsemi LV á undirmörkuðum byggingarvörumarkaðar, einkum á sviði innveggjastoða, hönnunar og framleiðslu á burðarvirki í límtré og steinullareiningum, innflutnings á stálgrindarburðarvirki og fleiri íhlutum í byggingarlausnir.



- c) Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi Securitas lúti að öryggisgæslu fyrir heimili og fyrirtæki. Sá markaður hefur talist vera útvegum og leiga á öryggiskerfum auk þjónustu og viðhalds, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 30. júní 2015 í máli nr. 19/2015, *Samruni Securitas hf. og Geymslna ehf.* Í samrunaskrá kemur jafnframt fram að dótturfélög Securitas séu Parking Plus ehf., Geymslur ehf. og Vari fasteignarfélag hf. Geymslur starfi á markaði fyrir útleigu á sérhæfðu geymsluhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Parking Plus reki bílastæðþjónustu og Vari fasteignarfélag er fasteignafélag sem á annars vegar geymsluhúsnæði að Tunguhálsi 8 og hins vegar fasteignir sem nýtast undir starfsemi Securitas.
5. Samkvæmt umfjöllun í samrunaskrá skarast starfsemi samrunaaðila einungis í rekstri Stekks og Securitas þar sem Stekkur á tvær fasteignir á Eskifirði en Vari fasteignarfélag, dótturfélag Securitas, á og rekur fasteignir á höfuðborgarsvæðinu. Að mati samrunaaðila er því engin landfræðileg skörun í þeirri starfsemi. Því komi samruninn ekki til með að hafa nein samkeppnisleg áhrif á viðkomandi vöru- og landfræðilega markaði sem framangreind félög starfi á. Enn fremur að mati samrunaaðila komi enginn þeirra til með að auka markaðshlutdeild sína eða styrkja hana. Þá verði með samrunanum engin breyting í fjölda keppnauta á viðkomandi mörkuðum. Samrunaaðilar telja því að samkeppnisleg áhrif samrunans séu engin.
6. Í ljósi þess að óveruleg skörun sé í starfsemi samrunaaðila er ekki þörf á frekari umfjöllun um markaðsskilgreiningar í þessari ákvörðun. Í samrunanum er um að ræða breytingu á eignarhaldi á milli eignarhalds- og fjárfestingarféлага þar sem Stekkur öðlast full yfirráð yfir Securitas. Því er um enga lóðréttu skörun að ræða og hugsanleg lárétt skörun, vegna starfsemi á fasteignamarkaði, er óveruleg. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og upplýsinga getur Samkeppniseftirlitið tekið undir sjónarmið samrunaaðila um áhrif samrunans á markaði málsins og sennileg takmörkuð áhrif samrunans á samkeppni.
7. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði af sér að markaðsráðandi staða myndist eða styrkist og eða hvort af völdum samrunans raskist samkeppni að öðru leiti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Á skilgreindum markaði málsins þar sem áhrifa samrunans gætir helst er ekki unnt að álykta markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Þá benda fyrirliggjandi gögn eða önnur atriði ekki til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.
8. Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Því er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Vara og Stekks ehf. á hlut Eddu slhf. í Securitas fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson